

Hafnarfirði, 1. desember 2021

Fjölskylduráð 3. desember 2021

Minnisblað

Námskeið í notkun snjalltækja fyrir eldri borgara

Velferðartækni er ætlað að styðja við sjálfstæði og auka vellíðan og öryggi einstaklinga með færniskerðingar. Velferðartækni stuðlar einnig að aukinni þátttöku einstaklinganna í samfélaginu og dregur úr félagslegri einangrun.

Vegna Covid-19 faraldurs gafst sveitarfélögum kostur á að sækja um fjárframlag vegna viðbótarverkefna í félagsstarfi fullorðinna fyrir árið 2021. Meðal annarra verkefna, sem Hafnarfjarðarbær sótti um, var sótt um fjárframlag vegna námskeiðs í notkun snjalltækja.

Í Hraunseli, félagsstarfi eldri borgara í Hafnarfirði var boðið upp á fjögur tveggja vikna námskeið fyrir byrjendur og fjögur tveggja vikna námskeið fyrir lengra komna.

Námskeiðin voru haldin frá 09.30 - 15.30 alla virka daga vikunnar og stóðu yfir í um klukkutíma hvert.

Um 60 einstaklingar skráðu sig á námskeið fyrir byrjendur og um 37 skráðu sig á námskeið fyrir þá sem lengra voru komnir. Margir voru með eigin snjalltæki, en einnig var hægt að fá lánaðar spjaldtölvur.

Námskeiðin í byrjun sumars voru best sótt en þátttakendum fækkaði eftir því sem á sumarið leið.

Ráðnir voru tveir háskólanemar til að stýra verkefninu og var almenn ánægja með störf þeirra.

Verið er að leita leiða til að geta boðið upp á námskeið í snjalltækjum, með sama sniði eins og í sumar, árið um kring. Einn möguleiki, sem er í skoðun er að ráða inn starfsmann í tímavinnu í stuðningsþjónustu en að þátttakendur greiddu einnig vægt gjald fyrir hvern tíma sem þau nýta sér. Námskeiðin væru tvisvar í viku og fjöldi þátttakenda takmarkaður í hverju námskeiði svo tíminn nýtist hverjum og einum sem best.

Virðingarfyllst

Sjöfn Guðmundsdóttir

Deildarstjóri stuðnings- og stoðþjónustu



HAFNARFJÖRÐUR